



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 2. júlí 2007
Tilvísun: UST20070300204/sf

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Stíflisdals II, Bláskógabyggð

Vísað er til tölvupósts sem barst Umhverfisstofnun þann 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frístundabyggð í landi Stíflisdals II í Bláskógabyggð.

Stærð deiliskipulagssvæðisins er um 183 ha og er þar gert ráð fyrir 28 lóðum undir frístundahús. Á tveimur þessara lóða hafa þegar verið reist hús. Samkvæmt byggingarskilmálum má reisa frístundahús allt 225 m² að grunnfleti, auk mögulegs svefnlofts. Einnig má reisa allt að 35 m² smáhús við hvert frístundahús.

Frístundabyggðin liggur að Stíflisdalsvatni og er innan svæðis nr. 134 á náttúruminjaskrá, *Laxárvogur og Laxá í Kjós*. Eftirfarandi lýsing er á svæðinu í náttúruminjaskrá: **Laxárvogur og Laxá í Kjós, Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu. (1)** *Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesef og Hurðarbakssef. (2) Í Laxárvogi eru viðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.*

Umhverfisstofnun (áður Náttúruvernd ríkisins) hefur ítrekað gert athugasemdir við frekari uppbyggingu frístundabyggðar við Stíflisdalsvatn. Stíflisdalsvatn er upptaksvæði einnar helstu laxveiðiár landsins, Laxár, en vatnasvið árinna og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum, er á náttúruminjaskrá, þ.m.t. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn sbr. framangreind lýsing á svæðinu. Mikilvægt er að koma í veg fyrir mengun á vatnasviði árinna og að mannvirkjagerð hafi ekki áhrif á lífríki í vatninu og ánni. Umhverfisstofnun telur því æskilegt að allri mannvirkjagerð á vatnasviði árinna verði haldið í lágmarki. Að mati stofnunarinnar er upptaksvæði Laxár því ekki hentugt fyrir mikla frístundabyggð.


Við Stíflisdalsvatn er votlendi en mýrar og flóar 3 ha að stærð eða stærri skulu njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim

votlendi og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.: „Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“ Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig leitast við að endurheimta votlendissvæði sem ræst hafa verið fram. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði. Í greinargerð með aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016 er m.a. bent á svæði umhverfis Stíflisdalsvatn og Mjóavatn sem hafi verndargildi vegna vatnasviðs Laxár og vegna votlendissvæða í nágrenni vatnanna.


Með hliðsjón af framangreindum atriðum leggst Umhverfisstofnun fyrir sitt leyti gegn frekari uppbyggingu frístundabyggðar við Stíflisdalsvatn.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllt



Sigrún Friðriksdóttir
fagstjóri



Helga Jónsson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.